

**Rammaáætlun
c/o Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík**

Reykjavík, 3. maí 2010

Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða – með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði

Meðfylgjandi eru athugasemdir sem Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) vill koma á framfæri, nú þegar niðurstöður faghópa liggja fyrir í 2. áfanga Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. FUMÍ mun í þessari greinargerð leggja áherslu á hvernig þessar niðurstöður verða notaðar í áframhaldandi vinnu, en mun ekki gera sérstakar athugasemdir hér við tilurð, forsendur eða aðferðafræði þeirrar vinnu sem þegar hefur verið lokið.

Vinna við Rammaáætlun hefur skilað ýmsum upplýsingum sem gott er að hafa til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun á þeim svæðum sem þar eru tekin til umfjöllunar. Við slíkar ákvarðanir þarf að taka mið af bestu upplýsingum á hverjum tíma. Það gildir um auðlindir sem nýta á í mannsins þágu, náttúruna og menningararf.

Ákvarðanir um landnotkun liggja að mestu hjá sveitarfélögum í gegnum skipulag samkvæmt núverandi löggjöf. Fámenn sveitarfélög geta þannig tekið ákvarðanir um landnotkun til langs tíma sem ekki einvörðungu snerta íbúa þess sveitarfélags heldur landsins alls og geta jafnvel haft þýðingu á heimsvísu.

Eigi Rammaáætlun að þjóna tilgangi sínum þarf hún að stuðla að því að ákvarðanir um landnotkun taki mið af heildrænni sýn á náttúruvernd og auðlindanotkun í landinu en ekki þröngum hagsmunum eins sveitarfélags eða fyrirtækis. Nýting auðlinda í þágu mannsins eru augljóslega mikilvæg bæði til lengri og skemmri tíma, en ekki má horfa framhjá því að rask á náttúrunni getur verið óafturkræft og skaðað hagsmuni til lengri tíma litið. Mikilvægt er því að Rammaáætlun stuðli að því að svæðum með hátt verndargildi sé tryggð vernd. Það þarf einnig að tryggja að við ákvarðanir um skipulag tengdu orkuöflun verði tekið mið af röðun virkjunarkosta á landsvísu en ekki eingöngu á svæðisvísu eða innan einstakra sveitarfélaga. Á sama hátt og Rammaáætlun getur gefið mikilvægar upplýsingar og virkað sem einkonar landsáætlun í orkuöflun þá á hún ekki síður að þjóna sem álíka upplýsingatæki fyrir verndun svæða.

Verði tekin ákvörðun um að hafa eigi Rammaáætlun til hliðsjónar við ákvarðanir um landnotkun í framtíðinni verður að hafa í huga að forsendur þeirra niðurstæðna sem

nú liggja fyrir í 2. áfanga geta breyst t.d. með breyttri tækni við orkuöflun og flutning, nýjum upplýsingum um náttúrufer, menningarminjar eða um aðra hagsmuni.. Það kallar á að hugað verði að endurskoðunarákvæðum áætlunarinnar í áframhaldandi vinnu. Mikilvægt er að ef t.d. virkjanakostum verður raðað í einhverja flokka með tilliti til hvaða svæði ætti að vernda o.s.frv., að þeir geti færst milli þessara flokka ef nýjar upplýsingar benda til að tilefni sé til þess.

FUMÍ leggur áherslu á að Rammaáætlun kemur ekki í stað almennrar stefnumörkunar á lands-, svæðis- eða heimsvísu í náttúruvernd. Það má ekki verða svo að Rammaáætlun gefi skilyrðislaus leyfi til orkuöflunar á tilteknum svæðum. Ákvarðanir um slíkt þarf að taka að undangenginni upplýstri umfjöllun þar sem allir hagsmunir og sjónarmið þurfa að koma fram. Reynt er að sýni að það á eins við um félagsleg áhrif sem ákvarðanir um landnotkun geta haft ekki síður en áhrif á hagkerfi, náttúru, menningarminjar og aðra nýtingu.

FUMÍ hvetur því til þess að Rammaáætlun gegni annars vegar því hlutverki að gefa heildræna sýn á hagsmuni nýtingar, þ.á.m. verndunar, á þeim svæðum sem hún tekur til og leiði þannig til upplýstrar ákvarðanatöku um nýtingu landsins. Hins vegar þarf að gæta þess að þó svo niðurstaða þessa áfanga Rammaáætlunar liggja fyrir þá setji það ekki af stað skriðu virkjanaframkvæmda sem byggja á þeirri forgagnsröðun sem þar kemur fram.

Stjórn FUMÍ